

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 12. febrúar 2025

Mál nr. E-2179/2024:

A

(Ólafur Valur Guðjónsson lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Sonja Hjördís Berndsen lögmaður)

Dómur

- Mál þetta, sem dómtekið var 15. janúar 2025, höfðaði A, [...], 5. apríl 2024 gegn íslenska ríkinu, [...].
- Stefnandi krefst þess að stefndi greiði honum 1.000.000 króna með vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2021 til 15. nóvember 2023, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laganna frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.
- Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar. Til vara er krafist lækkunar á dómkröfum stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

I. Helstu málsatvik

- Helstu málsatvik, eins og þeim er lýst í frumskýrslu lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu í máli nr. [...] og öðrum gögnum málsins, eru þau að aðfaranótt 2. september 2021, kl. 01.12, barst lögreglu tilkynning um óðan mann fyrir utan [...]. Um hafi verið að ræða stefnanda sem sagður hafi verið bæði öskrandi og í annarlegu ástandi. Fram kemur í skýrslunni að áhafnir fjögurra lögreglubifreiða hafi farið á staðinn. Þegar lögregla kom á vettvang hafi stefnandi staðið í tröppum á 2. hæð fjölbýlishússins að [...]. Í skýrslunni kemur fram að stefnandi hafi verið sýnilega undir áhrifum vímuefna og orðið viðskotailur er hann sá lögreglu. Eftir skamma stund hafi hann róast en verið mjög illa áttaður. Segir í skýrslunni að hann hafi „séð ofsjónir“ án þess að því sé frekar lýst. Aðspurður hafi hann ekki sagst muna hvað hefði gerst um kvöldið en sagt lykla að íbúð

sinni vera í íbúð á efstu hæð hússins að [...]. Á meðan lögreglan ræddi við stefnanda hafi komið önnur tilkynning frá fjarskiptamiðstöð ríkislögreglustjóra þess efnis að stefnandi hefði brotið rúðu í húsinu, en lögreglumenn á vettvangi hafi þó engin merki séð um slíkt. Stefnandi hafi fengið aðstoð lögreglumanna við að nálgast lykla að íbúð sinni hjá íbúa að [...], sem afhent hafi lögreglu lykla og bakpoka í hans eigu. Stefnanda hafi verið afhentir þessir munir og honum gerð grein fyrir því að ef hann færi strax heim til sín myndi afskiptum lögreglu ljúka. Stefnandi hafi verið með fúkyrði í garð lögreglumanna en þáð að þeir fylgdu honum heim. Hann hafi misst fæturna undan sér og fallið í jörðina nokkrum sinnum á meðan lögregla fylgdi honum áleiðis og gefið þá skýringu að hann hefði verið að koma úr aðgerð nokkrum vikum fyrr. Hafi því verið ákveðið að kalla eftir sjúkrabifreið til þess að láta líta á stefnanda. Var sú ákvörðun færð í dagbók lögreglu kl. 01.55. Þegar sjúkrabifreiðin kom á vettvang hafi stefnandi orðið æstur og hlaupið upp tröppum á leiðis að íbúð sinni að [...]. Stefnanda hafi þá aftur verið gefinn kostur á að fara heim til sín í góðu og að lögreglan myndi þá láta af afskiptum sínum, sem hann hafi gert.

5. Um það bil 15 mínútum eftir að lögreglumenn yfirgáfu vettvanginn hafi lögreglu borist önnur tilkynning um að stefnandi væri kominn út á götu, öskrandi. Nokkru seinna hafi borist enn önnur tilkynning þess efnis að stefnandi lægi á götunni. Sömu áhafnir lögreglu og áður hafi aftur farið á vettvang. Við komu á vettvang hafi borist tilkynning þess efnis að kærasta stefnanda hefði hringt í Neyðarlínuna og tilkynnt ofbeldi af hans hálfu. Er sú tilkynning skráð í dagbók lögreglu kl. 2.22. Stefnandi hafi verið handtekinn í kjölfarið þar sem hann lá á miðju bílplani fyrir utan [...], að því er virtist í fastasvefni. Við handtöku hafi stefnandi vaknað og streist á móti á meðan verið var að fjötra hendur hans. Vegna ástands stefnanda hafi ekki verið unnt að kynna honum réttarstöðu hans á þessum tímapunkti.
6. Í frumskýrslunni kemur fram að rætt hafi verið við kærustu stefnanda, vinkonu hans og nafngreindan mann á vettvangi sem hafi öll sagt stefnanda hafa verið ógnandi, hann hefði ýtt kærustu sinni svo hún datt aftur fyrir sig auk þess sem hann hefði slegið manninn í tvígang. Þá hefði stefnandi lamið á baðherbergisglugga og brotið kertalukt. Er tekið fram í skýrslunni að lögreglumenn hafi séð skemmdir á útidyrhurð og kertalukt í poka fyrir utan íbúð tilkynnanda. Börn hafi verið sofandi í íbúðinni þar sem atvik áttu sér stað og hafi fulltrúi frá barnavernd því verið kallaður á vettvang.

7. Samkvæmt fyrirbyggjandi handtöku- og vistunarskýrslum lögreglu var stefnandi handtekinn kl. 2.26 umrædda nótt og vistaður í klefa kl. 3.00. Hann var tekinn til yfirheyrslu kl. 14.51 sama dag, færður að henni lokinni undir læknishendur vegna áverka sinna kl. 16.19, kominn til baka kl. 20.16 og látinn laus kl. 20.26 að kvöldi sama dags. Í þessum skýrslum er ástandi stefnanda lýst svo að vímuástand hafi verið „mikið“, sjáöldur „samandregin“, framburður „ruglingslegur“, jafnvægi „óstöðugt“ og málfar „óskýrt“. Sjáanlegir áverkar hafi verið „minniháttar“.
8. Við yfirheyrsluna neitaði stefnandi því að hafa verið undir áhrifum áfengis eða fíkniefna umrætt sinn, en kvaðst taka róandi lyf og Gabapentin að læknisráði. Hann viðurkenndi að hafa í tvígang löðrungað mann sem var gestkomandi að [...]. Þá kvaðst hann hafa „fært“ nafngreinda konu „mjög hratt“.
9. Með bréfi lögreglustjóra, dags. 13. janúar 2023, var stefnanda tilkynnt að rannsókn málsins hefði verið hætt, sbr. 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
10. Bótakrafa stefnanda barst embætti ríkislögmans 15. október 2023. Henni var hafnað með bréfi, dags. 22. febrúar 2024, með þeim rökum að í ljósi atvika málsins væri litið svo á að stefnandi hefði stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisti kröfu sína á. Mætti því fella niður bætur til hans með vísan til 2. málslíðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.
11. Atvikum er lýst með nokkuð öðrum hætti í stefnu og mótmælir stefndi málsatvikalýsingu stefnanda sem ósannaðri að því leyti sem hún samræmist ekki lögregluskýrslum málsins. Í stefnu kemur fram að stefnandi hafi verið allsgáður umrætt sinn og að hann telji ástæðu þess að hann fannst liggjandi á bílplaninu vera þá að maðurinn sem hann löðrungaði hefði ráðist aftan að honum. Bendir stefnandi á að það hefði verið brot gegn reynslulausn hans hefði hann verið undir áhrifum umrætt sinn. Þá er á það bent að gögn málsins styðji ekki fullyrðingu stefnda um að stefnandi hafi verið látinn laus kl. 20.26 að kvöldi 2. september 2021.
12. Við aðalmeðferð málsins gaf skýrslu sem vitni sá lögreglumaður sem ritaði frumskýrslu vegna málsins og verður vikið að þeim vitnisburði eftir þörfum í niðurstöðukafla. Stefnandi kaus að gefa ekki aðilaskýrslu.

II. Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

13. Stefnandi reisir kröfur sínar á hlutlægri bótareglu 1. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála. Skilyrði lagaákvæðisins séu uppfyllt enda hafi stefnandi verið handtekinn, handjárnaður og vistaður í fangaklefa vegna máls lögreglu nr. [...] sem síðan hafi verið fellt niður.

14. Stefnandi byggir á því að handtaka, handjárnun og vistun hans í fangaklefa hafi verið óþarfar aðgerðir. Ekkert í gögnum sakamálsins hafi réttlætt það að svipta hann frelsi þar sem hann hafi ekki brotið af sér á neinn hátt. Stefnandi hafi verið handtekinn án nokkurs tilefnis og ekkert komið í ljós við rannsókn lögreglu sem réttlætti frekari rannsóknaraðgerðir. Með vísan til þess sé á því byggt að hæfilegar miskabætur séu 1.000.000 króna.
15. Stefnandi mótmælir því að ákvæði 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um lækkun eða niðurfellingu bótaréttar geti átt við í málinu. Aðgerðir lögreglu hafi verið með öllu óþarfar og sé útilokað að stefnandi hafi með nokkrum hætti valdið eða stuðlað að þeim. Þá hafi ekkert í framgöngu stefnanda réttlætt svo íþyngjandi rannsóknaraðgerðir.
16. Krafa um vexti skv. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. september 2021 miðist við þann dag er stefnandi var handtekinn vegna rannsóknar málsins til þess dags er mánuður var liðinn frá birtingu bótakröfu, þ.e. 15. nóvember 2023. Dráttarvaxta skv. 1. mgr. 6. gr. laganna sé krafist frá þeim degi til greiðsludags. Krafa um málskostnað styðjist við XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Stefnandi lagði fram gjafsóknarleyfi við upphaf aðalmeðferðar.
17. Við munnlegan málflutning var á því byggt af hálfu stefnanda að skýrslur lögreglu stönguðust á varðandi það hvenær hann hefði verið látinn laus úr haldi og yrði stefndi að bera hallann af því að ósannað væri að hann hefði verið látinn laus innan sólarhrings frá handtöku.

III. Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Aðalkrafa um sýknu

18. Aðalkrafa stefnda um sýknu er reist á því að fella skuli niður bætur til stefnanda með vísan til 2. málslíðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008, enda hafi stefnandi bæði valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á með þeirri háttsemi sem leiddi til handtöku hans.
19. Stefndi byggir á því að meðalhófs hafi verið gætt við aðgerðir lögreglu. Lögreglu hafi borist fimm tilkynningar um háttalag stefnanda og lögreglumenn lagt sig í líma við að ræða við hann áður en hann var handtekinn. Stefnandi hafi verið í annarlegu ástandi þegar lögregla kom á vettvang og hafi lögregla talið nauðsynlegt að kalla eftir sjúkrabifreið til að láta líta á hann. Þá hafi honum verið gerð grein fyrir því að lögregla myndi ekkert aðhafast frekar í málinu, léti hann af háttsemi sinni og færi heim til sín. Það hafi stefnandi ekki gert og frekari tilkynningar hafi borist um bæði háttalag hans og meinta refsiverða

hegðun. Tilraunir lögreglu til að fá stefnanda til að láta af hegðun sinni hafi ekki borið árangur.

20. Á því er byggt af hálfu stefnda að fullt tilefni hafi verið til handtöku stefnanda og að handtakan hafi uppfyllt skilyrði a-liðar 1. mgr. 16. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Handtakan hafi farið fram í því skyni að halda uppi lögum og reglu og í þágu almannafríðar og allsherjarreglu. Eins og sakir stóðu hafi jafnframt verið nauðsynlegt að koma í veg fyrir áframhaldandi brot stefnanda, en tilkynningarnar sem bárust lögreglu lutu að líkamsmeiðingum gagnvart tveimur einstaklingum, hótunum og eignaspjöllum. Handtakan hafi þannig verið nauðsynleg til að koma í veg fyrir áframhaldandi brot og tryggja návist hans, sbr. 1. mgr. 90. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Handtaka stefnanda hafi verið í samræmi við lagaheimildir og ekki hafi verið gengið lengra en tilefni var til.
21. Stefndi mótmælir því sem röngu og ósönnuðu að stefnandi hafi verið allsgáður umrætt sinn og að engin tilraun hafi verið gerð til að færa sönnur fyrir því að hann hefði neytt áfengis eða vímuefna. Þá er því mótmælt að engar upplýsingar liggi fyrir um hversu lengi hann var í haldi lögreglu. Í dagbók lögreglu sé skráð að stefnandi hafi verið beðinn að gefa þvagsýni, en hann hafi ekki getað veitt sýnið. Þá komi fram í skýrslu vegna vistunar hans í fangaklefa að stefnandi hafi verið í vímuástandi, hann hafi sjáanlega verið í annarlegu ástandi, framburður hans hafi verið ruglingslegur, jafnvægi óstöðugt og málfar óskýrt. Loks komi fram að hann hafi sýnt af sér ógnandi hegðun og hótanir við fangaverði. Enginn vafi leiki á því hvenær stefnanda var sleppt úr haldi en samkvæmt vistunarskýrslunni hafi það verið umræddan dag kl. 20.26. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir staðhæfingum sem samræmist ekki því sem komi fram í skýrslum lögreglu, sbr. 3. mgr. 71. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
22. Með hliðsjón af framangreindu blasi við að stefnandi hafi bæði valdið og stuðlað sjálfur að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfur sínar á. Með því hafi hann fyrirgert rétti sínum til bóta fyrir að hafa sætt handtöku. Beri því að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.
Varakrafa um lækkun
23. Verði talið að stefnandi eigi rétt til bóta á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008 er á því byggt af hálfu stefnda að lækka beri fjárkröfu stefnanda verulega á grundvelli eigin sakar samkvæmt heimild í 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Vísar stefndi um það til málsástæðna að baki sýknukröfu sinni, að breyttu breytanda.

24. Þá er á því byggt að fjárhæð kröfu stefnanda sé of há að teknu tilliti til dómaframkvæmdar. Stefnandi hafi engan reka gert að því að leggja fram gögn sem styðji kröfu hans um svo háar miskabætur en stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að tilefni sé til að greiða hærri miskabætur en leiða megi af dómaframkvæmd. Þá byrði hafi hann ekki axlað.
25. Til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni vísar stefndi til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.
26. Við munnlegan málflutning af hálfu stefnda var mótmælt sem nýrri og of seint fram kominni þeirri málsástæðu stefnanda að hann hefði verið lengur en einn sólarhring í haldi lögreglu, en auk þess var þeirri málsástæðu andmælt efnislega og því mótmælt að skýrslur lögreglu stönguðust á varðandi það atriði hvenær stefnandi hefði verið látinn laus.

IV. Niðurstaða

27. Í máli þessu er deilt um það hvort stefnandi eigi rétt til miskabóta vegna handtöku hans aðfaranótt 2. september 2021 og vistunar hans í fangaklefa í kjölfarið, vegna máls lögreglu nr. [...] sem fellt var niður með bréfi, dags. 13. janúar 2023. Krafa stefnanda er reist á hlutlægri bótareglu 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Er ekki um það deilt að uppfyllt séu skilyrði 1. mgr. og fyrri málslíðar 2. mgr. greinarinnar til greiðslu miskabóta, sbr. einnig 5. mgr. greinarinnar, en deilt er um það hvort stefnandi hafi valdið eða stuðlað að framangreindum aðgerðum lögreglu, þannig að fella beri niður eða lækka bætur til hans, sbr. síðari málslíð 2. mgr. greinarinnar.
28. Réttur manna til skaðabóta vegna frelsissviptingar að ósekju er einnig varinn af 5. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar og 5. mgr. 5. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í ljósi meginreglunnar um bótarétt sakaðra manna við þær aðstæður sem lýst er í 246. gr. laga nr. 88/2008 ber að skýra þröngt heimild sama lagaákvæðis til að fella niður bætur eða lækka þær vegna þess að maður hafi valdið þeim eða stuðlað að þeim sjálfur. Ber stefndi sönnunarbyrði fyrir því að stefnandi hafi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á, í samræmi við hina almennu reglu skaðabótaréttar um meðábyrgð tjónþola. Til þess að svo verði talið þurfa tvö skilyrði að vera uppfyllt, eins og ítrekað hefur komið fram í dómaframkvæmd, sbr. t.d. dóm Landsréttar 16. desember 2022 í máli nr. 599/2021. Hið fyrra er að orsakatengsl séu milli háttsemi sakbornings og þeirrar þvingunarráðstöfunar sem hann mátti sæta. Hið síðara er að þvingunarráðstöfun þarf að vera fyrrsjáanleg afleiðing háttsemi sakbornings.

29. Við munnlegan málflutning af hálfu stefnanda var byggt á því að gögn málsins væru misvísandi um það hvort hann hefði verið leystur úr haldi 2. eða 3. september 2021. Yrði stefndi að bera hallann af þeim vafa og bæri að leggja til grundvallar að stefnandi hefði ekki verið leystur úr haldi fyrr en 3. september. Var þeirri málsástæðu mótmælt af hálfu stefnda, sem of seint fram kominni og jafnframt efnislega. Í stefnu, kafla þar sem málsatvikum og málsástæðum er lýst í einu lagi, er vísað til þess að í handtökuskýrslu megi hvergi sjá tímasetningu þegar stefnanda var sleppt úr haldi. Var jafnframt á því byggt í kröfubréfi stefnanda 22. febrúar 2024 að hann hefði verið í haldi lögreglu „í rúma tvo sólarhringa“. Er málsástæðan því ekki of seint fram komin og kemst hún að í málinu.
30. Það kemur skýrt fram í vistunarskýrslu lögreglu að stefnandi var látinn laus 2. september 2021, kl. 20.26, þ.e. að kvöldi sama dags og hann var handtekinn, eftir að hafa verið færður til yfirheyrslu kl. 14.36, fluttur „á sjúkrahús/til lækni“ kl. 16.19 og „til baka“ kl. 20.16 sama dag. Til stuðnings því að efni þeirrar skýrslu sé rangt hvað varðar dagsetningu vísaði lögmaður stefnanda við munnlegan málflutning til þess að í dagbók lögreglu væri skráð færsla 3. september sama ár kl. 12.57 um að stefnandi hefði verið færður til skýrslutöku og að því loknu á slysideild. Af hálfu stefnda var á móti á það bent að dagsetning umræddrar færslu í dagbók lögreglu benti til þess að hún hefði verið færð eftir á og að framburðarskýrslan sem tekin var af stefnanda, sem samræmist vistunarskýrslunni um dag- og tímasetningar, væri mun áreiðanlegri heimild um það hvenær skýrslutakan fór fram. Kemur fram í framburðarskýrslunni að stefnandi hafi mætt til skýrslutöku 2. september 2021, kl. 14.51, eftir veru í fangaklefa. Í niðurlagi skýrslunnar kemur fram að stefnandi hafi lesið hana yfir og staðfest með undirskrift sinni að rétt hafi verið eftir sér haft. Ber hún með sér að hafa verið prentuð út 2. september 2021 kl. 15.36. Er þar gert ráð fyrir undirskrift stefnanda og þess lögmanns sem gætir hagsmuna hans í máli þessu, en í skýrslunni kemur fram að hann hafi verið viðstaddur skýrslutökuna. Hefur ekki verið dregið í efa að skýrslan hafi verið undirrituð enda þótt undirritað eintak hennar hafi ekki verið lagt fram í máli þessu.
31. Samkvæmt 3. mgr. 70. gr. laga nr. 91/1991 skal efni opinbers skjals talið rétt, þar til annað sannast, ef það varðar tiltekin atvik sem er sagt að hafi gerst í embætti eða sýslan útgefanda. Hefur stefnanda ekki lánast sönnun þess að efni vistunarskýrslunnar sé rangt. Verður því lagt til grundvallar að hann hafi verið látinn laus 2. september 2021 kl. 20.26 og að frelsisskerðing hans hafi þannig staðið í 18 klukkustundir en ekki í meira en sólarhring eins og stefnandi heldur fram.

32. Í framburði lögreglumannsins sem gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti að hafa ritað frumskýrslu í málinu kom fram að vitnið myndi eftir því að hafa rætt við stefnanda umrætt sinn en auk þess kom fram að vitnið hefði kynnt sér upptöku úr búkmyndavél til að rifja upp málsatvik. Fram kom að fyrra útkallið hefði varað í allt að klukkustund og fær það stóð í tímasetningum bæði í frumskýrslu og í dagbók lögreglu. Á þeim tíma kvaðst vitnið hafa sýnt „endalaus þolinmæði“ við að fá stefnanda til að fara inn í íbúð sína og útskýra fyrir honum að þá yrði ekki um frekari afskipti lögreglu að ræða. Stefnandi hefði átt erfitt með að standa uppréttur og halda jafnvægi og m.a. sagt að einhver maður hefði „dúndrað“ í höfuðið á honum, en ekki getað gert neina grein fyrir því eða svarað þeim spurningum sem til hans var beint. Kvað vitnið það sitt mat, byggt á 17 ára reynslu sem lögreglumaður, að stefnandi hefði verið undir áhrifum. Gat vitnið þess að stefnandi hefði dottið nokkrum sinnum á meðan lögregla var að reyna að fá hann upp stiga að íbúð sinni, og borið því við að hann hefði nýverið gengist undir skurðaðgerð, en þegar hann varð þess áskynja að lögregla hafði kallað út sjúkrabíl hefði hann hlaupið upp stigann og farið inn til sín. Hefði lögregla þá yfirgefið vettvang en áhafnir lögreglubifreiðanna haldið sig í grenndinni því vitnið kvað sig hafa grunað að til frekari útkalla gæti komið. Um korteri seinna hefði borist ný tilkynning um að stefnandi væri öskrandi úti á götu og svo um að hann væri lagstur á götuna. Í það skiptið hefði lögregla komið að stefnanda sofandi á bílplaninu, en hann hefði legið á bakinu og hrotið. Um leið og lögregla kom á vettvang hefðu borist upplýsingar um að kærasta stefnanda hefði hringt í Neyðarlínu og tilkynnt að hún hefði orðið fyrir ofbeldi af hans hálfu. Kvað vitnið þá hafa verið fram komna ástæðu til að handtaka stefnanda en auk þess hefði lögregla metið það svo að hann fengi ekki „fleiri sénsa“ og vísaði vitnið þar til ástands hans og þess sem áður hafði gengið á. Hefðu lögreglumenn staðið yfir stefnanda og ráðgast um hvernig best væri að handtaka hann við þær aðstæður að hann væri sofandi. Stefnandi hefði brugðist illa við í fyrstu er hann vaknaði en handtakan hefði gengið vel og verið yfirstaðin á um 15 sekúndum. Hefði stefnandi verið rólegur í framhaldinu.
33. Að virtu því sem fram er komið í málinu um atburðarás í aðdraganda handtöku stefnanda, samkvæmt gögnum málsins og trúverðugum framburði lögreglumannsins, þykir nægilega sýnt að stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að handtökunni með háttsemi sinni og annarlegu ástandi umrætt sinn. Þykir ekki eiga að ráða neinum úrslitum þótt ekki hafi verið staðreynt með blóðprufu eða öðrum hætti að hann væri undir áhrifum áfengis eða vímuefna, en dagbók lögreglu ber með sér að ítrekað var reynt að afla þvagprufu frá

stefnanda. Fram kom í framburði vitnisins, sem hefur langa reynslu sem lögreglumaður, að rannsókn með svokölluðu „DrugWipe“ hafi ekki verið í boði á þeim tíma sem hér um ræðir og að ekki hafi verið ástæða til að draga honum blóð, enda ekki grunur um akstur undir áhrifum. Verða lögregluskýrslur og trúverðugur framburður vitnisins lögð til grundvallar um ástand stefnanda. Þykir jafnframt ósennilegt að ástand stefnanda gæti hafa skýrst af því einu að annar maður hefði ráðist að honum aftan frá, eins og haldið er fram í stefnu, en samkvæmt framburði vitnisins höfðu hugsanleg átök stefnanda við annað fólk átt sér stað áður en lögregla kom fyrst á vettvang.

34. Samkvæmt framanrituðu voru skýr orsakatengsl á milli háttsemi og ástands stefnanda umrætt sinn og þess að hann var handtekinn og vistaður í fangaklefa. Þá þykir ljóst að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir því að léti hann ekki af öskrum og ónæði utan dyra gæti komið til þess að hann yrði handtekinn. Eru samkvæmt framanrituðu uppfyllt skilyrði 2. málslíðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 eins og þau hafa verið skýrð í dómaframkvæmd. Loks þykir nægilega sýnt að lögregla hafi gætt meðalhófs með því að gefa stefnanda ítrekað kost á því að láta af háttsemi sinni til að komast mætti hjá handtöku.
35. Við munnlegan málflutning skýrði lögmaður stefnanda málatilbúnað hans svo að ekki væri á því byggt að sú frelsisskerðing sem stefnandi sætti hefði verið úr hófi fram ef ósannað teldist að hún hefði varað lengur en einn sólarhring.
36. Samkvæmt öllu því sem að framan hefur verið rakið og þar sem öllum málsástæðum sem byggt er á af hálfu stefnanda og þýðingu geta haft hefur verið hafnað verður á það fallist með stefnda að uppfyllt séu skilyrði síðari málslíðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 til þess að fella bætur til stefnanda niður að fullu.
37. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður. Stefnandi nýtur gjafsóknar samkvæmt gjafsóknarleyfi, útgefnu 7. október 2024. Samkvæmt 1. mgr. 127. gr. laga nr. 91/1991 greiðist allur gjafsóknarkostnaður úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmans hans, Ólafs Vals Guðjónssonar, sem þykir hæfilega ákveðin með þeirri fjárhæð sem greinir í dómsorði. Samkvæmt dómvenju er ekki tekið tillit til virðisaukaskatts við ákvörðun gjafsóknarþóknunar.
38. Af hálfu stefnda flutti málið Sonja Hjördís Berndsen lögmaður. Hildur Briem héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, íslenska ríkið, er sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda, A, í máli þessu.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málflutningsþóknun lögmanns hans, Ólafs Vals Guðjónssonar, 785.000 krónur.

Hildur Briem